

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Ýrarlundur, nýtt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 10. febrúar 2022 tillögu að deiliskipulagi á Ýrarlund. Skipulagið gerir ráð fyrir einu fristundahúsi á tveimur hæðum, allt að 150 m² að stærð. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Moldnúpur, nýtt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 10. mars 2022 tillögu að deiliskipulagi á 1,0 ha lóð úr landi Moldnúps. Gert ráð fyrir hesthúsi/reiðskemmu, sambyggt eða aðskilið, allt að 2.000 m² að stærð. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Borgir, nýtt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 11. nóvember 2021 tillögu að deiliskipulagi á lóðinni Borgir. Skipulagið gerir ráð fyrir allt að 80 m² íbúðarhúsi, 120 m² skemmu og 40 m² gestahúsi. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Strönd 2, lóð, nýtt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 11. nóvember 2021 tillögu að deiliskipulagi á Strönd 2, lóð. Gert er ráð fyrir íbúðarhúsi og tveimur aukahúsum, gestahúsi eða geymsluhúsi. Heildarbyggingarmagn er 200 m². Við gildistöku þessa deiliskipulags fellur eldra deiliskipulag úr gildi, sem samþykkt var í sveitarstjórn Rangárþings eystra, dags. 11. apríl 2018. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 9. maí 2022.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Guðmundur Úlfar Gíslason, skipulags- og byggingarfulltrúi.